Þingskjal nr. __

Flytjandi Hestamannafélagið Geysir

Lagt fyrir _____

Tillaga
65. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Hveragerði 30. og 31. október 2026, skorar á stjórn LH að fylgjast með reglugerðarbreytingum í skeiðkappreiðum. Passa upp á að æskileg hvíld sé milli spretta, ekki of stutt og ekki of löng, einnig að hugað verði vel að allri velferð skeiðhesta í kappreiðum.

Greinargerð:
Velferð hrossa á skeiðkappreiðum þarfnast aukinnar athygli, sérstaklega hvað varðar hæfilegan tíma á milli spretta. Mikill áhugi var á skeiðkappreiðum síðastliðið sumar og þátttakendur margir. Rétt væri að setja viðmiðunarreglu þess efnis að þegar fjöldi hrossa í grein fer yfir 20, verði keppendum skipt upp í blokkir. Markmiðið með því er að koma í veg fyrir að of langur tími líði á milli spretta hjá einstökum hestum.